

67
27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir $\frac{3}{4}$ alls stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

Þegar ríkissjóður greiðir stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsabóta og annarra umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

68
27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „200 þúsund kr.“ í 2. tölulið 3. gr. laga nr. 76 11. júní 1938 komi: 300 þúsund krónur, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkvæmt 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærrí, skal framlag ríkissjóðs hækka til samræmis við vísitölu Hagstofu Íslands um byggingu íveruhúsa, miðað við sömu vísitölu 1939. Hækkunin reiknast þó ekki af hærrí höfuðstóli en 125000 kr.

2. gr.

11. gr. laga nr. 76 11. júní 1938 orðist þannig:

Ríkissjóður leggur árlega fram 250 þúsund krónur til þess að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Verði um eitt eða fleiri ár ekki reist það mörg íbúðarhús, að allt framlagið þurfi til byggingarstyrkja, skal sá hluti þess, sem afgangur verður á hverju ári, leggjast í sjóð og ávaxtast, þar til styrkþörfin verður